

FUNDARGERÐ UMHVERFISMÁLARÁÐS BOLUNGARVÍKUR

Fundur var haldinn í umhverfismálaráði Bolungarvíkurkaupstaðar þriðjudaginn 20. júlí 2010, kl. 17.00 í fundarsal bæjarstjórnar í Ráðhúsinu.

Fundinn sátu: Sölvi Rúnar Sólbergsson formaður, Sunna Rey Sigurjónsdóttir, Roland Smelt, Arnþór Jónsson og Gísli Gunnlaugsson byggingarfulltrúi sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn kl. 17.00.

Dagskrá fundarins var eftirfarandi:

1. Skólastígur 12-14.

Bréf frá Sigurði Ólafssyni, húsasmíðameistara, f.h. Daða Guðmundssonar og Jóns V. Hálfðássonar er varðar breytingar á gluggum á Skólastíg 12 og 14. Sótt er um heimild til að setja opnanleg fög í glugga stigahúss.

Erindið samþykkt.

2. Viðbætur við snjóflóðavarnir í Bolungarvík.

Erindi frá Skipulagsstofnun er varðar viðbætur við snjóflóðavarnir í Bolungarvík, erindinu var vísað til umhverfismálaráðs á fundi bæjarráðs 13. júlí s.l. Óskað er umsagnar um hvort og á hvaða forsendum framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Umhverfismálaráð telur, með hliðsjón af framlögðum gögnum, að ekki sé ástæða til að viðbætur við snjóflóðavarnir austan við núverandi framkvæmdasvæði snjóflóðavarna fari í umhverfismat. Ráðið tekur undir niðurstöðu tilkynningar til Skipulagsstofnunar að áhrif viðbótar við snjóflóðavarnir séu óverulegar enda viðbótarsvæðið nú þegar raskað vegna fyrri framkvæmda.

3. Önnur mál.

a. Erindi Alberts Guðmundssonar, Fjárborgir.

Erindi frá Albert Guðmundssyni þar sem hann sækir um leyfi til að byggja við Fjárborg (fjárhús) í Minni hlíð í Tungudal samkvæmt meðfylgjandi teikningum. Einnig óskar Albert eftir stækkun á lóð við vesturhlíð fjárhússins eins og fyrra skipulag gerir ráð fyrir.

Erindið kynnt og byggingarfulltrúa falið að afla frekari gagna vegna umsóknarinnar.

b. Fyrirspurn frá Hlaðbæ-Colas.

Byggingarfulltrúi kynnti fyrirspurn frá Hlaðbæ-Colas varðandi aðstöðu fyrir malbikunarstöðvar sem hann hafði afgreitt í samráði við bæjarstjóra. Fyrirtækið óskaði eftir heimild til að staðsetja malbikunarstöðvar við austurhlið norðurenda flugvallarins, milli sjávarkambs og sandnámu Ósafis.

Heimildin var veitt með ákveðnum skilyrðum um nánari staðsetningu og frágang svæðisins að lokinni notkun.

Umhverfismálaráð staðfestir heimild byggingarfulltrúa á staðsetningu malbikunarstöðva en mælist til þess að þær verði staðsettar sem fjærst sjónum. Athugað verði hvort hægt er að staðsetja þær í núverandi sandnámu Ósafis.

Fundi slitið kl. 18.25

Sölvi Rúnar Sólbergsson

Sunna Reyrr Sigurjónsdóttir

Arnþór Jónsson

Roland Smelt

Gísli Gunnlaugsson byggingarfulltrúi